

Alþingi samþykkti í desember 2011 að breyta tekjuskattslögum á þann veg að heimild til frádráttar iðgjalda í viðbótarlífeyrissparnað frá tekjuskattsstofni verði 2% í stað 4%. Lækkunin gildir á árunum 2012 til 2014.

Launagreiðendum ber að lækka iðgjaldið um áramót nema launþeginn óski eftir að greiða áfram hærra iðgjald en 2%, sem gæti leitt til tvísköttunar.

Til þess að lækka iðgjaldið í Launakerfinu þarf að:

- Velja **Aðgerðir - Stofngögn - Starfsmenn**
- Smella á hnappinn **Sækja/finna** og sækja viðkomandi starfsmann/starfsmenn í listann
- **Tvísmella** á viðkomandi starfsmann í listanum
- Velja flipann **Frádráttarliðir**
- Breyta hlutfallinu í reitinum **Séreignasjóður launþega % í 2**
- Smella á hnappinn **Vista**